

taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa Landhelgis-sjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-laun verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. marz 1955.

Nr. 193/1953. **Stefán Friðriksson, eigandi Glæsibæjar,**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað, eigendum Víkur.

(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 24. september 1953 var dómur kveðinn upp í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu í landamerkjamáli milli stefndu og áfrýjanda. Með dómi þessum var áfrýjanda meðal annars dæmt að greiða stefndu kr. 3000.00 í málskostnað. Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1953 í því skyni að fá héraðsdóminn úr gildi felldan og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju í samræmi við kröfur hans fyrir héraðsdómi.

Stefndu hafa borið fram kröfu um frávísun málsins frá Hæstarétti, og hefur farið fram sérstakur málflutningur um hana samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935. Krefjast stefndu þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Áfrýjandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og að þeim verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfuna reisa stefndu á því, að áfrýjandi hafi

hinn 5. desember 1953, áður en áfrýjunarstefna var út tekin, greitt fyrirvaralaust málskostnað þann, kr. 3000.00, er honum var dæmt með héraðsdómi að greiða þeim. Telja stefndu, að með þessu hafi áfrýjandi fyrirgert áfrýjunarheimild, með því að fyrirvaralaus greiðsla málskostnaðar samrýmist ekki áfrýjun málsins síðar.

Um greiðslu málskostnaðarins hefur komið fram í málinu það, sem hér segir.

Samkvæmt vottorði fulltrúa sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og frásögn áfrýjanda, sem fulltrúinn hefur lýst rétta, að því er hann varðar, hafði einn hinna stefndu, eftir að dómur gekk í héraði, krafist aðfarar hjá áfrýjanda til heimtu málskostnaðarins. Fór fulltrúinn þess þá á leit við áfrýjanda í símtölum, a. m. k. tvisvar sinnum, að hann greiddi málskostnaðinn, svo að ekki félli á hann aukakostnaður að óþörfu. Varð þetta til þess, að áfrýjandi greiddi fulltrúanum málskostnaðinn, kr. 3000.00, hinn 5. desember 1953, eins og áður segir, en lét þess jafnframt getið við fulltrúann, að hann mundi þrátt fyrir þetta áfrýja dóminum.

Þar sem fulltrúanum mátti vera ljóst af nefndri yfirlýsingu áfrýjanda, að greiðsla málskostnaðarins var af miskilningi sprottin, hefði hann átt að leiðbeina áfrýjanda um þetta efni. Þar sem fulltrúinn gerði það ekki, þykir greiðsla málskostnaðarins með framangreindum hætti ekki hafa svipt áfrýjanda áfrýjunarheimild. Verður frávísunarkrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Frávísunarkrafan verður ekki tekin til greina.
